

## Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Kristjáni G. Jóhannssyni, kr. 25.292.27 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags og kr. 7.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 23. maí 1969.

Nr. 224/1968. **Skarphéðinn Björnsson**

(Birgir Ísleifur Gunnarsson hrl.)

gegn

**Síldarverksmiðjum ríkisins og til réttargæzlu  
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f og gagnsök**

(Logi Guðbrandsson hdl.).

## Dómendur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,  
Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ.  
Torfason.

Skaðabótamál. Vinnuslys.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. nóvember 1968. Gerir hann þær dómkröfur, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða kr. 719.532.40 með 8% ársvöxtum frá 3. september 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en aðaláfrýjanda hefur verið veitt gjafsóknarleyfi fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 1. apríl 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. marz 1969. Krefst hann sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi. Meginorsök slyssins var ógætni aðaláfrýjanda, en eigi verður talið, að af hálfu gagnáfrýjanda hafi verið gætt þess öryggisbún-

aðar, er kostur var. Að atvikum athuguðum þykir rétt að gera gagnáfrýjanda að bera  $\frac{1}{3}$  hluta af tjóni aðaláfrýjanda.

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur enn samið nýjan tjónútreikning, dags. 14. maí 1969, og hefur hann verið lagður fram í Hæstarétti. Segir svo m. a. í tjónútreikningi þessum:

„Við umreikning tekna Skarphéðins árin 1963 og 1964 var að nokkru leyti miðað við breytingar á fiskverði á vetrarvertíð, og hef ég því nú tekið tillit til verðhækkunar um síðastliðin áramót. Að öðru leyti studdist umreikningur við almennan taxa Dagsbrúnar í Reykjavík, en sá taxti hækkaði fjórum sinnum á árinu 1968, 19/3, 1/6, 1/9 og 1/12. Hér var um að ræða verðlagsuppbætur vegna hækkunar vísitölu, en uppbætur þessar eru ekki greiddar að fullu nema að vissu marki tekna. Þarf því að áætla þann hluta tekna, sem uppbætur eru greiddar á, með hliðsjón af dagvinnutaxta og skiptingu tekna í tekjur af dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu. Hef ég hér áætlað, að uppbætur komi á 65% árstekna. . . .

Miðað við tekjugrundvöllinn, svo breyttan, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

	Miðað við grundvöll a kr.	Miðað við grundvöll b kr.	Miðað við grundvöll c kr.
Vegna tímabundins orkutaps			
í 21 mánuð eftir slysið . .	201.163.00	220.230.00	261.206.00
Vegna varanlegs orkutaps	421.024.00	457.323.00	540.253.00
	<hr/>		
Samtals	622.187.00	677.553.00	801.459.00

Í sambandi við fyrri útreikning var getið um meðaltekjur verkamanna, reiknaðar á grundvelli úrtaksrannsóknar Efnahagsstofnunarinnar á vinnutekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík samkvæmt skattframtölum starfsáranna 1957—1966. Sé miðað við 10 ára tímabilið 1958—1967 og enn fremur tekið tillit til áhrifa kauphækkana á árinu 1968, reiknast

mér slíkar meðaltekjur nema kr. 206.410.00 á núverandi kauplagi“.

Kröfur aðaláfrýjanda eru sundurliðaðar í héraðsdómi. Þykir atvinnutjón hans hæfilega ákveðið kr. 550.000.00 og 2. kröfuliðar kr. 60.000.00. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um kröfuliði 4—7. Samtals eru þessar fjárhæðir kr. 633.855.00 (550.000.00 + 60.000.00 + 11.150.00 + 5.700.00 + 405.00 + 2.000.00 + 3.200.00 + 1.400.00). Til frádráttar koma greiðslur, sem aðaláfrýjandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, samtals kr. 184.229.40. Eftir standa þá kr. 449.625.60, sem gagnáfrýjanda ber að bæta að  $\frac{1}{3}$  hluta, þ. e. kr. 149.875.20, en frá þessum bótum ber að draga kr. 11.545.52 + kr. 808.18, sem gagnáfrýjandi hefur greitt aðaláfrýjanda eftir slysið. Úrslit málsins verða því þau, að gagnáfrýjandi verður dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda kr. 137.521.50 ásamt 7% ársvöxtum frá 3. september 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 67.756.00, og hljóti af þessari málskostnaðarfjárhæð skipaður talsmaður aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Birgir Ísleifur Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, kr. 45.000.00.

#### Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Síldarverksmiðjur ríkisins, greiði aðaláfrýjanda, Skarphéðni Björnssyni, kr. 137.521.50 með 7% ársvöxtum frá 3. september 1966 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 67.756.00, og hljóti af fjárhæð þessari skipaður talsmaður hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Birgir Ísleifur Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, kr. 45.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. október 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 1. þ. m., hefur Skarp-héðinn Björnsson, Lindargötu 11, Siglufirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 21. marz 1968, gegn Síldarverksmiðjum ríkisins, Siglufirði, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 719.532.40 ásamt 8% ársvöxtum frá 3. september 1966 til greiðsludags auk málskostnaðar, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál, en stefnandi hefur fengið gjafsókn í málinu með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 8. marz 1968.

Stefndi hefur krafizt þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að mati réttarins úr hendi stefnanda.

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu. Á hendur réttargæzlustefnda hafa ekki verið gerðar kröfur, og hann hefur heldur engar kröfur gert.

Samkomulag er með málsaðiljum að reka mál þetta hér fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Leitazt hefur verið við að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi hafið störf hjá Síldarverksmiðjum ríkisins 1. desember 1947. Hafi hann unnið þar eitthvað á hverju ári, þangað til slys það vildi til, sem mál þetta snýst um. Sum árin kveðst hann hafa unnið alveg. Hann kveðst hafa verið pressuformaður hjá Síldarverksmiðjum ríkisins á sumrum, allt frá því er hann hóf störf og þar til hann varð aðstoðarmaður verkstjóra sumarið 1963. Kvað hann starf sitt sem aðstoðarmaður verkstjóra hafa verið fólgið í því að annast um viðgerðir á bilunum á vélunum og hafa eftirlit með þeim til þess að halda þeim í gangi svo og að fylgjast með formalinsblöndunum, á meðan vinnsla fer fram í verksmiðjunni.

Þegar stefnandi kom til vinnu sinnar rétt fyrir klukkan sex laugardagsmorguninn 3. september 1966, kveður hann það m. a. hafa verið verkefni sitt að fylgjast með því, að til væri formalín, en efni það er notað í sambandi við síldarbræðsluna. Formalínið var geymt á tunnum, sem stóðu á göngubrú, er lá yfir síldarþrær þeirrar verksmiðju, sem kölluð er SR 30. Göngubrýr þessar voru úr timbri og sömuleiðis handrið, sem komið var fyrir með frambrún þeirra, þar sem op síldarþrónna taka við. Handrið þetta var með einni þverslá að ofan. Var neðri brún þverslárinnar í um það bil 90 cm fjarlægð frá gólfi göngubrúnna, en slétt var

af göngubrúnum niður í þrærnar. Um það bil 150 cm voru á milli staura í handriði þessu. Síldarþróin var með steiptum hallandi botni, þannig að hæðin frá göngubrúnni niður á botn þróarinnar var frá  $2\frac{1}{2}$  metra og tæpa 4 metra.

Formalínstunna er um 185 kíló að þyngd, þegar hún er full, en vegur um 30 kíló tóm. Venja er, að einn maður sæki hverja formalínstunnu. Veltir hann henni eftir göngubrúnni að fortanki, sem stendur til hliðar við þrær SR 30, en þar er formalínið blandað.

Þennan umrædda morgun kveður stefnandi allmargar tunnur hafa staðið á göngubrúnni vestan við þró SR 30. Hafi þar ýmist verið um fullar eða tómar tunnur að ræða, sem geymdar hafi verið hverjar innan um aðrar. Stefnandi kveðst þá m. a. hafa komið að tunnu, sem staðið hafi upp á endann. Hafi hann kannað tunnuna fyrst með því að leggja vinstri hönd yfir botn tunnunnar og síðan slegið í hana með fæti og talið tunnuna fulla. Að einhverju leyti segir stefnandi, að tunna þessi muni hafa verið skorðuð undir stiga, sem þarna hafi verið á göngubrúnni. Þegar stefnandi tók á tunnunni af því afli, sem hann taldi mundu duga til að fella hana, svo að unnt væri að velta henni að blöndunartanknum, kveður hann tunnuna skyndilega hafa losnað, þannig að hann hafi svipzt aftur á bak og fallið viðstöðulaust undir þróarhandriðið án þess að koma við það, að því er hann telur. Hafi hann fallið ofan í þróna, sem er steinsteipt í botninn og hallandi. Hafi fallið verið um það bil  $3\frac{1}{2}$  metri. Tunnan, sem hann hafi verið að glíma við, hafi reynzt tóm.

Stefnandi telur sig hafa komið láréttan niður og á grúfu. Kveðst hann telja, að hann hafi borið hendur fyrir sig og á þann hátt hlíft andliti sínu, en fengið þungt höfuðhögg og skrámur á enni, hægri olnboga, brjóst og vinstra hné. Alvarlegustu afleiðingar slyssins hafi verið hins vegar slæmt lærbrot á hægri læri.

Engir sjónarvottar voru að slysi þessu.

Vitnið Steingrímur Kristinsson, starfsmaður stefnda, var nýkominn á vakt, er slys þetta vildi til. Var hann staddur inni í kaffistofu ásamt Jóhanni Matthíassyni, Jóhanni Tómassyni og Hlyni Óskarssyni. Hafi þeir heyrt eins og hrópað á hjálp og farið til að athuga, hverju þar gegndi. Þeir hafi þá fundið stefnanda í þró SR 30, þar sem hann hafi hálfsetið á botni þróarinnar. Steingrímur kvaðst hafa verið fyrstur ofan í þróna til stefnanda og spurt hann, hvað gerzt hefði. Hafi stefnandi sagt, að hann hafi verið að taka formalínstunnu, sem hann hafi álitnið fulla.

Tunnan hafi verið skorðuð undir stiga, sem liggur af göngubrúnni og upp að palli, sem er við verksmiðjuhús SR 30. Hafi stefnandi sagt, að hann hafi verið að reyna að fella tunnuna og tekizt það, en þar sem tunneln hafi reynzt tóm, hafi hann kastast aftur fyrir sig á þróarbarminn og farið heilan hring aftur yfir sig og lent á hnjúm og höfði í þróarbotninum. Steingrímur gat þess, að það þyrfti að taka með nokkuð snöggu átaki á fullri formalínstunnu til þess að geta fellt hana, því að hann taldi, að hún innihéldi um 200 lítra. Hann skýrði svo frá, að fullar formalínstunnur hafi yfirleitt legið að vestan- og austanverðu við þró SR 30. Þó hafi þær stundum staðið upp á endann, þ. e. þegar þær hafi verið lekar, sem oft komi fyrir. Tómar tunneln hafi iðulega verið innan um fullu tunnelnar án sérstakrar auðkenningar. Steingrímur gat þess, að kvöldið fyrir slysið milli klukkan 7 og 8 hafi hann átt leið um göngubrúna að vestanverðu við þró SR 30. Hafi gangvegurinn þá verið lokaður af tómun tunneln. Hafi hann fjarlæggt þarna nokkrar tómar tunneln. Meðal annars kvaðst hann hafa tekið í tunnu þá, sem staðið hafi undir áður nefndum stiga, en þar sem hann hafi talið, að umrædd tunna væri full, lét hann hana eiga sig. Steingrímur lýsti starfi því, sem stefnandi vann, er hann slasaðist, þannig, að formalínstunnu sé velt, þaðan sem hún liggi á göngubrúnni, að trekt, sem sé inngreipt í göngubrúna yfir blöndunarkerinu. Síðan sé sponsið leyst úr tunnelni og innihaldið látið renna í kerlið.

Vitnið Hlynur Sævar Óskarsson, starfsmaður stefnda, er kom að stefnanda ásamt fleiri mönnum eftir slysið, hefur m. a. borið, að ein eða ef til vill tvær tunneln hafi staðið vestan við þróna, þegar slysið varð, og einnig nokkrar tunneln norðan við þróna og hafi þær ýmist verið tómar eða fullar, sem stóðu upp á endann. Tómu tunnelnar hafi ekki verið auðkenndar sérstaklega. Hlynur gat þess, að honum fyndist, að tómar tunneln ættu að vera merktar til aðgreiningar frá fullum tunneln.

Vitnið Jóhann Örn Matthíasson, starfsmaður stefnda, kom á vettvang eftir slysið ásamt fyrrgreindum mönnum. Hefur hann m. a. borið, að fullar formalínstunnur hafi verið geymdar á göngubrú að vestan- og norðanverðu við þróna. Hafi tunnelnar ýmist legið eða staðið upp á endann. Hann hélt, að tómar tunneln hefðu ekki átt að vera innan um fullar, þó geti það hafa komið fyrir. Hann bar, að tómu tunnelnar hefðu ekki verið auðkenndar sérstaklega, ekki öðru vísi en svo, að taka hafi mátt eftir því eftir sponsi á tunnelnum.

Vitnið Haukur Kristjánsson, verkstjóri hjá stefnda, hefur skýrt svo frá, að stefnandi hafi verið aðstoðarmaður sinn. Þegar unnið sé að síldabræðslu, sé unnið á sex tíma vöktum og um 15 menn eða svo séu á vakt. Vakt Hauks hóf störf klukkan sex að morgni hinn 3. september 1966. Haukur segir, að þarna um morguninn hafi stefnandi farið að athuga um formalínið, sem geymt sé í tunnum, sem legið hafi á göngubrúnni vestan við þró SR 30. Fullar formalínstunnur hafi einnig stundum staðið upp á endann. Tómar tunnur hafi oft verið innan um fullar tunnur, án þess að þær væru auðkenndar sérstaklega. Haukur kvað stefnanda hafa haft það fyrir fasta venju að athuga það, er hann hafi komið á vakt, hvort formalínsblanda væri fyrir hendi, enda hefði stefnandi áður gegnt starfi pressuformanns, en pressumenn annist venjulega blöndun formalínsins. Haukur kvaðst þegar hafa farið niður í þróna, er slysið varð, ásamt mönnum þeim, sem fyrr eru taldir. Hafi þeir reynt að hlúa að stefnanda eftir föngum. Haukur kvaðst hafa spurt stefnanda að því, meðan hann lá í þrónni, hvernig slysið hefði viljað til, og hafi stefnandi sagt, að hann hafi verið að taka á tunnu, sem hann hafi talið, að væri full. Sú tunna hafi verið undir stiga, er liggur frá göngubrú vestan við SR 30 upp á pall og við verksmiðjuhús SR 30. Muni stefnandi ekki hafa varað sig á því, að tunnan hafi verið skorðuð undir fyrrnefndum stiga, og því sennilega talið, að tunnan væri full. Er tunnan hafi losnað undan stiganum við átak stefnanda, hafi hann svipzt út í þróna.

Vitnið Jóhannes Valgarð Blöndal, starfsmaður hjá Síldarverksmiðjum ríkisins, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið á vakt hjá Gísla Elíassyni verkstjóra. Hafi hann hætt vinnu klukkan sex að morgni þess dags, sem slysið varð. Jóhannes kvaðst hafa verið pressumaður og blandað formalínið. Formalínið hafi verið geymt í tunnum, sem liggi yfirleitt á göngubrú vestantil við þró SR 30. Þó standi tunnurnar stundum upp á endann. Það geti hent sig, að tómar tunnur séu stundum innan um fullar tunnur. Tómu tunnurnar séu þá ekki sérstaklega merktar. Jóhannes bar, að um morguninn, sem slysið varð, sennilega um fimmleytið, hafi annar hvor verkstjóranna á vaktinni, Gísli Elíasson eða Stefniur Guðlaugsson, komið til sín, þar sem hann hafi verið inni í verksmiðjuhúsi SR 30, og beðið sig um að blanda formalín og jafnframt sagt, að full formalínstunna væri undir margnefndum stiga, og skildist Jóhannesi, að þeir hefðu athugað það. Jóhannes

kveðst nú hafa farið og ætlað að taka tunnuna, sem staðið hafi upp á endann undir stiganum og reynzt þar skorðuð. Hafi hann ýtt á tunnuna með höndunum og spyrnt við með fótum. Hafi tunnann reynzt tóm, og kveðst Jóhannes hafa fallið ofan á hana.

Hann kvaðst síðan hafa skellt tunnunni upp aftur, þannig að hún hafi lent aftur á þeim stað, þar sem hún hafði áður verið, að því er hann heldur. Jóhannes kveðst því ekkert formalín hafa blandað það sem eftir var vaktarinnar og taldi, að það hafi stafað að því, að ekkert formalín hafi verið til. Er hann hafi komið á vakt aftur þennan sama dag kl. 12 á hádegi, kveðst hann hafa heyrt það hjá vinnufélögum sínum, að stefnandi hefði verið að reyna við þessa sömu tunnu, er slysið vildi til.

Vitnið Jóhann Georg Möller, verkstjóri hjá Síldarverksmiðjum ríkisins, hefur skýrt svo frá, að Jóhannes Blöndal pressumaður hafi skýrt sér frá því 3. september, eftir að slysið varð, að Jóhannes hafi fengið fyrirmæli um það rétt fyrir vaktaskiptin kl. 0600 um morguninn að kanna það, hvort formalínstunna, sem skorðuð hafi verið undir stiga, sem liggja frá göngubrú við þró SR 30 og upp á pall við SR 30, væri full. Hafi Jóhannes spyrnt tunnunni undan tröppunum, þar sem hún hafi verið skorðuð, en tunnann reynzt tóm. Jóhannes hafi síðan skorðað tunnuna aftur undir tröppunum. Jóhann kvaðst telja mjög líklegt, að þetta hafi verið sama tunnann og stefnandi hafi reynt við skömmu eftir vaktaskiptin, þegar hann slasaðist. Jóhann telur varla hafa verið um aðra tunnu að ræða. Jóhann kvað tunnnum yfirleitt hafa verið stafað að norðanverðu við þróna og meðfram henni og rétt vestur fyrir þróarhorn. Hann gat þess, að hann hafi iðulega sumarið, sem slysið varð, og stundum áður séð um það verk að færa formalínstunnur á göngubrú SR 30 til notkunar. Hafi tunnurnar yfirleitt verið látnar liggja í einni röð, þó geti það hafa komið fyrir, að fullar tunnur hafi verið látnar standa upp á endann, einkum ef þær voru lekar. Hann kvað það geta hent sig, að tómar tunnur hafi verið þarna innan um fullar, án þess að það verði séð á tunnunum. Jóhann gat þess, að stefnandi hefði haft orð á því við hann kvöldið fyrir slysið, að mikið væri af tómunum formalínstunnum við þrærnar og þyrfti að fjarlægja þær. Hafi stefnandi spurt sig að því, hvort hann gæti ekki séð um, að það væri gert. Kveðst Jóhann hafa lofað að sjá til þess daginn eftir og hafi svo verið gert.

Vitnið Stefnir Guðlaugsson, aðstoðarmaður verkstjóra hjá Síld-

arverksmiðjum ríkisins, hefur komið fyrir dóminn og borið, að hann hafi gegnt sams konar starfi og stefnandi, en á annarri vakt. Hann sagði, að yfirleitt hafi það verið verk pressumanna að sækja formalínstunnur, sem yfirleitt hafi legið vestan við þró SR 30, og hafi þeir losað þær í ker, sem sé norðanvert við þróna. Þar hafi þeir jafnan raðað tómu tunnunum meðfram þrónni. Fullar tunnur hafi einnig getað staðið upp á endann vestanvert við þróna, einkum ef þær voru lekar eða skaddaðar, sem oft kom fyrir. Tómar tunnur hafi yfirleitt ekki verið innan um fullar tunnur, en þó hafi það getað átt sér stað. Tómu tunnurnar hafi þá ekki verið auðkenndar sérstaklega, en helzt hafi mátt átta sig á því, hvort um tóma tunnu hafi verið að ræða, ef sponsið hafi vantað á hana. Stefnir segir það hafa komið fyrir, að þeir aðstoðarmenn verkstjóra hafi séð um blöndun á formalíni, ef þannig stóð á. Stefnir sagði, að ein tunna hafi verið skorðuð undir margnefndum stiga. Hann taldi, að tunna þessi hefði verið full, og hefði hann sjálfur reynt að ná henni undan stiganum aðfaranótt 3. september, daginn sem slysið varð, en hætti við það, því að hann hafi þurft að sinna einhverju öðru. Kvaðst hann því hafa farið inn í SR 46 og sagt við Jóhannes Blöndal pressumann, að full tunna væri undir stiganum og hann skyldi sækja hana. Á næstu vakt hafi Jóhannes Blöndal sagt sér, að hann hefði spyrnt umræddri tunnu undan stiganum, en hún þá reynzt tóm, svo að hann hafi sett hana aftur á sama stað og skorðað hana þar. Stefnir kvaðst hafa spurt stefnanda að því, er hann hafi hjálpað til við að flytja hann út á flugvöll að morgni slysdagsins, hvaða tunna hefði orðið honum að falli. Hafi stefnandi þá sagt sér, að það hafi verið tunna sú, sem hafði verið undir stiganum.

Vitnið Hreiðar Gísli Elíasson, verkstjóri hjá Síldarverksmiðjum ríkisins, hefur skýrt svo frá, að það hafi jafnan fallið í hlut pressumannanna að sækja formalínstunnur og blanda formalínið. Aðrir starfsmenn hafi þó hlaupið í þetta, þegar því hafi verið að skipta. Hreiðar sagði, að fullar formalínstunnur liggi eða standi upp á endann. Venjulega liggi þær þó að vestan og norðanverðu við þró SR 30. Sé formalínið blandað í ker, sem sé norðan við þróna. Innan um fullu tunnurnar séu einnig iðulega tómar tunnur. Þessar tómu tunnur séu ekki merktar sérstaklega, þannig að jafnvel þurfi að kanna það hverju sinni, hvort tunna sé tóm eða full. Stundum sé sponsið skrófað í tómu tunnurnar og líti þær því út eins og fullar væru.

Með bréfi saksóknara til öryggismálastjóra, dagsettu 1. nóv-

ember 1967, er leitað álits Öryggismálastjóra um slys þetta. Álitsgerð Öryggismálastjóra er dagsett 17. nóvember 1967. Í henni segir svo að loknum upphafsorðum:

„Við rannsókn þá, sem nú hefur farið fram í málinu, kemur það í ljós, að engin regla hefur verið á því, að tómar tunnur væru fjarlægðar, hafi því tómar tunnur staðið eða legið innan um fullar tunnur, ekkert auðkenndar, nema ef gleymzt hafi að skrúfa tappann í sponsgatið að tæmingu lokinni, þá þekktust þær á því.

Þá kemur það og einnig fram við rannsóknina, að á uppdrátt lögreglunnar vantar veigamikil atriði, en það er trappa eða stigi af þróargangbrúnni upp í SR 30, en undir þessari tröppu mun tunnan, sem slysinu olli, hafa verið skorðuð.

Einn starfsmannanna, Jóhannes Valgarð Blöndal, skýrir frá því, að hann hafi ætlað að taka tunnu, sem skorðuð var undir tröppunni og álitin var full, hafi reynzt tóm, og þegar hún losnaði úr skorðum, hafi hún fallið og hann ofan á hana. Segist hann síðan hafa reist tunnuna og skorðað hana á sama stað. Í hvaða augnamiði, verður ekki séð, en sýnir, að tómunum tunnnum var ekki ætlaður sérstakur staður aðskilinn frá fullum tunnnum. Að minnsta kosti þrír samstarfsmanna hins slasaða, sem töluðu við hann eftir slysið, bera það, að hann hafi sagt þeim, að það hafi verið tunnan, sem skorðuð var undir tröppunum, sem hann var að eiga við, þegar hann féll, en á þetta minnst hann hvorki í framburði sínum í sakadómi Siglufjarðar 18. janúar s.l. eða í lýsingu sinni af aðdraganda slyssins til Öryggiseftirlitsins 4. júní s.l., en það, að tunnan var skorðuð föst, gerði það eðlilegt, að töluverðu átaki þurfti að beita við að losa hana, en þegar hún var orðin laus, var það ekki nema þungi tunnunnar, sem veitti viðnám gegn átakanu, og því kastaðist maðurinn aftur yfir sig.

Miðað við þá umferð og störf, sem venjulega eru unnin á gangbrúm síldarþróa, hefur Öryggiseftirlitið talið nægilegt að hafa eina langslá í andriði kringum opin, enda var millislá talin til óhagræðis, meðan það tíðkaðist að salta í þrær, hins vegar geri ég ráð fyrir, að eftirlitið hefði talið æskilegt og krafizt þess, að millislá væri í handriðum á því svæði, sem unnið var að formálínblöndunni, ef eftirlitsmaður hefði gert sér grein fyrir því, að þar væri vinnusvæði umfram það, sem venjulegt er á gangbrún síldarþróa, og ég tel öruggt, að millislá í handriðinu hefði komið í veg fyrir slys þetta.

Orsök slyssins tel ég því skipulagsleysi í meðferð tómsra og

fullra umbúða og ónógar grindur kringum þróaropin á því svæði, sem formalínblöndunin fór fram“.

Stefnandi rökstyður skaðabótaábyrgð stefnda á slysi þessu í fyrsta lagi með því, að um vanbúnað á vinnustað hafi verið að ræða. Vinnuaðstaðan hafi verið þannig, að unnið hafi verið á tiltölulega mjórri göngubrú úr tré með djúpar síldarþrær að minnsta kosti á annan veginn og stundum á báða vegu. Stefnandi hafi verið að glíma við formalínstunnur, sem séu um 185 kíló að þyngd fullar. Handrið úr tré hafi verið meðfram göngubrúnni, en aðeins ein þverslá hafi verið á handriði þessu og hafi hæð hennar fyrir ofan göngubrú verið um það bil 90 cm. Bendir stefnandi á, að hann hafi fallið á göngubrúna og viðstöðulaust undir þverslána og niður í þróna. Hefði hins vegar verið millislá á handriðinu, hefði hann ekki fallið ofan í síldarþróna, og vitnar stefnandi máli sínu til stuðnings í framangreinda álitserð öryggismálastjóra. Enn fremur vekur stefnandi athygli á 13. gr., 2. mgr., laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Þar segir, að hættulegar gryfjur, skurðir og annað þess háttar skuli vera nægilega varið. Þessu ákvæði hafi ekki verið fullnægt, að því er hina djúpu síldarþró varðar, sem stefnandi féll í. Af þessu telur stefnandi ljóst, að um vanbúnað á vinnustað hafi verið að ræða og að öryggis hafi ekki verið gætt af hálfu stefnda við frágang handriðsins, ekki sízt þegar haft sé í huga, að starfsmönnum fyrirtækisins hafi verið gert að vinna þarna, eins og nánar hefur verið lýst hér að framan í dóminum. Þá sé það og ljóst, að fleiri þverslár á handriðinu hefðu komið í veg fyrir umrætt slys.

Í annan stað byggir stefnandi skaðabótaábyrgð stefnda á því, að algert skipulagsleysi hafi ríkt í meðferð tómrá og fullra umbúða. Sé enginn vafi á því, að hér sé um að ræða eina af veigamestu orsökum slyssins. Vitnar stefnandi máli sínu til stuðnings í framangreint bréf öryggismálastjóra. Þegar vinnuaðstaðan sé höfð í huga, það er, að starfsmenn hafi verið látnir glíma við tunnur, sem verið hafi 185 kíló að þyngd, á mjóum göngubrúum, sem legið hafi yfir síldarþrærnar, verði það að teljast vítavert gáleysi af hálfu forráðamanna verksmiðjunnar að hafa ekki haft betra skipulag á vinnubrögðum.

Í þriðja lagi byggir stefnandi bótakröfu sína á því, að um mistök af hálfu starfsmanna stefnda hafi verið að ræða. Sumir þeirra hafi vitað um það, að margnefnd tunna hafi verið tóm. Samt sem áður hafi enginn þeirra aðvarað stefnanda um þetta.

Þvert á móti hafi starfsmaðurinn Jóhannes Valgarð Blöndal, sem, einum til tveimur tímum áður en stefnandi slasaðist, hafi næstum orðið fyrir svipuðu slysi af nefndri tunnuna, aftur skorðað tunnuna undir stiga þeim, þar sem hún hafði áður verið, og látið hana bíða næsta manns án þess að gera nokkrar ráðstafanir. Þetta sé vítavert gáleysi umrædds starfsmanns, sem stefndi beri húsbóndaábyrgð á og leiði til skaðabótaskyldu hans.

Stefndi byggir dómkröfur sínar á því, að stefnandi hafi verið búinn að vinna 20 sumur hjá Síldarverksmiðjum ríkisins, þegar slysið vildi til. Hann hafi m. a. haft það starf að sjá um formalínsblöndun, er slys það vildi til, sem mál þetta snýst um. Þá hafi stefnandi verið orðinn aðstoðarmaður verkstjóra. Stefnandi hafi því verið þrautkunnugur staðháttum og starfi sínu og vitað, að fyrirfram verði ekkert um það sagt, hvort tunnur séu fullar eða tómar, og rannsaka þurfi það hverju sinni, hvort svo sé. Stefnandi hafi kannað málið á þann hátt að leggja vinstri hönd yfir botn tunnunnar og slá í hana með fætinum til þess að kanna, hvort tómahljóð væri í tunnunni. Eftir þessa athugun hafi hann talið tunnuna fulla. Þar hafi stefnandi ályktað rangt og hann geti ekki sakazt um það við neinn annan en sjálfan sig.

Formalínstunnurnar hafi staðið á tréþalli við síldarþróna, sem stefnandi féll ofan í. Tréþallur þessi hafi verið vandlega girtur og þversláin í handriðinu hafi verið í 90—100 cm hæð, en 150 cm hafi verið á milli staura. Op í handriði þessu hafi því aðeins verið um 90×150 cm og hornlína um 175 cm. Þennan frágang hafi Öryggiseftirlit ríkisins talið fullnægjandi. Pallbreidd frá grindverki að formalínstunnunum hafi verið um 120 cm, en tunnurnar verið á hæð við grindverkið. Stefndi mótmælir því, að tunna sú, sem stefnandi tók á í umrætt sinn, hafi verið skorðuð undir stiga. En hafi svo verið, þá hljóti jafnvanur maður og stefnandi að hafa tekið eftir því og sé gáleysi hans því þeim mun meira.

Þá hefur stefndi mótmælt því algerlega, að grindverk það, sem um ræðir í málinu, hafi eigi verið fullnægjandi. Telur hann mjög ósennilegt, ef ekki alveg útilokað, að stefnandi hafi fallið undir grindverkið. Miklu líklegra sé, að hann hafi tekið svo fast á tunnunni, að hann hafi henzst yfir grindverkið, en ástæður þess, að hann tók svo fast á, verði að rekja til rangrar ályktunar hans sjálfs svo og ef til vill til þess, að hann hafi ekki tekið eftir því, að stigi studdi við tunnuna. Aðbúnaður allur á vinnustað hafi verið mjög vandaður og í fullu samræmi við kröfur Öryggis-

eftirlits ríkisins. Því hafi verið ógerlegt að sjá fyrir, að slys af því tagi, sem henti stefnanda, gæti komið fyrir, og hugleiðingar stefnanda um, að millislá hefði getað komið í veg fyrir slysið, telur stefndi eigi hafa við rök að styðjast og ekki heldur umsögn öryggismálastjóra í sömu átt.

Verði ekki á það fallið, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda, telur stefndi hins vegar alveg ljóst, að skipta verði sökinni og láta stefnanda bera mjög verulegan hluta tjóns síns sjálfan sakir þess stórkostlega gáleysis hans sjálfs, sem að framan er lýst.

Svo sem að framan er rakið, var síldarþró sú, sem stefnandi féll ofan í, 2½—4 metrar á dýpt. Göngubrú sú, sem við hana lá, var girt handriði, sem aðeins hafði eina þverslú í um það bil 90 cm hæð, en 150 cm voru á milli staura í handriðinu. Göngubrú þessi var athafnasvæði. Þangað voru sóttar fullar formalínstunnur, sem eru mjög þungar. Tunnur þessar lágu skipulagslaust innan um tómar tunnur án sérstakrar auðkenningar. Rétturinn lítur svo á, að nauðsynlegt hafi verið að hafa millislá á handriði þessu. Þar sem hún var eigi fyrir hendi, verður að telja, að um óforsvaranlegar vinnuáðstæður hafi verið að ræða, sem stefndi beri ábyrgð á.

Á hinn bóginn er á það að líta, að stefnandi hafði unnið í 20 ár hjá stefnda, er slysið vildi til, og var þá orðinn aðstoðarmaður verkstjóra. Hann var því mjög reyndur í starfi og gerkunnugur aðstæðum á vinnustað. Er það skoðun réttarins, að hann hafi ekki sýnt af sér þá gát í umrætt sinn, sem af slíkum starfsmanni má með sanngirni krefjast. Er því óhjákvæmilegt að láta stefnanda bera nokkurn hluta tjóns síns sjálfan, sem eftir atvikum þykir hæfilegt, að sé ⅓ hluti, en ⅔ hluta er stefnda gert að bæta honum.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

1. Örorkutjón samkvæmt útreikningi Guðjóns Hansens tryggingafræðings . . . . .	kr. 764.901.00
2. Bætur fyrir þjáningar, lýti og annan miskna . .	— 100.000.00
3. Fæði og húsnæði vegna ferðar til Reykjavíkur —	11.150.00
4. Fargjöld o. fl. vegna þriggja ferða til Reykjavíkur . . . . .	— 25.000.00
5. Greiðsla vegna örorkumats . . . . .	— 2.000.00
6. Greiðsla vegna tjónútreiknings . . . . .	— 3.200.00
7. Fatatjón á slysdegi . . . . .	— 1.400.00
	<hr/>
	Kr. 907.651.00

Frá þessari fjárhæð hefur stefnandi dregið greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins að fjárhæð kr. 188.118.60. Mismunurinn nemur því stefnufjárhæð málsins, kr. 719.532.40.

Verður nú fjallað um hina einstöku liði stefnukröfunnar.

Um 1. lið.

Þegar eftir slysið var Sigurður Sigurðsson, héraðslæknir á Siglufirði, kvaddur á slysstað. Hann hlúði að stefnanda á slystaðnum, en síðan var hann fluttur á Sjúkrahús Siglufjarðar í sjúkrakörfu. Í vottorði Sigurðar Sigurðssonar héraðslæknis, dagsettu 1. febrúar 1967, segir m. a. svo: „Við skoðun sást mjög mikil fyrirferðaraukning um og ofan við hægra hné. Góð blóðrás var í fætinum, slasaði hreyfði vel tærnar og hafði óskerta tilfinningu í þeim. Eins og áður segir, var hann hrufaður á enni, en hafði ekki einkenni um heilahristing. Þá var hann hrufaður á hægri olnboga og vinstra hné. Röntgenmynd af hægra hné sýndi, að lærleggurinn var þverbrotinn rétt ofan við condylana og talsvert flaskað úr beinendunum. Þá var og sprunga frá aðalbrotinu niður í hnéliðinn. Talsverð skekkja var á brotstaðnum. Þar sem um mjög slæmt beinbrot var að ræða, var slasaði sendur á Landspítalann í Reykjavík með sjúkraflugvél, fáum klukkustundum eftir að slysið varð, og var þar gert að brotinu“.

Á Landspítalanum annaðist Hannes Finnbogason læknir um stefnanda. Hann hefur gefið vottorð, dags. 2. apríl 1968. Í því vottorði segir m. a. á þessa leið:

„Við komuna á deildina var sjúklingur í all góðu ásigkomulagi, hann var ekki í losti. Kvartaði um verk neðst á hægri lærlegg og um hægra hné. Auk þess hafði hann minniháttar eymsli á vinstra hné og niður á hnéskelinni og auk þess eymsli á vinstri rist.

Við rannsókn kemur í ljós, að hann hafði hlotið þverbrot rétt ofan við hægri hnélið og niður í hnéliðinn. Mikil skekkja er á brotstaðnum, og hefir neðra brotið gengið aftur á við, en ekki voru nein einkenni um blóðrásarhindrun niður í fótinn og ekki heldur nein einkenni um sköddun á taugum. Á röntgenmyndum, sem teknar voru af vinstra hné og vinstri rist, var ekki hægt að greina nein brot.

Fljótlega eftir komuna á deildina var í svæfingu gert að brotinu. Brotinu var þannig háttað, að ekki þótti heppilegt að reyna að festa því með innri festingu, þ. e. a. s. spöng og skrúfum, og var því notuð togmeðferð. Fyrst var lagður Kirschner þráður í gegnum femurcondylana, en Steinmann nagli rekinn í gegnum

tibia bak við tuberositas. Brotið var síðan lagfært, og fékkst góð stelling, en að þessu loknu var sett sjö kílóa tog á Steinmann naglann og 1½ kg. tog á Kirschners þráðinn.

Togmeðferðin var viðhöfð í sex vikur, en þá voru þræðirnir, sem reknir voru í gegnum beinin, teknir. Næstu vikurnar var hann síðan í æfingum. Reyndist hnéliðurinn vera mjög stirður, og í fyrstu gat hann ekki beygt meira en nokkrar gráður, en það jókst smám saman, og við brottför af spítalanum hinn 11. nóvember, eða sex vikum eftir slysið, gat hann orðið beygt um 20°, en þó vantaði um 5° upp á fulla réttingu í hnéliðnum. Hann fluttist af Landspítalanum á sjúkrahúsið á Siglufirði til áframhaldandi æfinga.

Á röntgenmyndum, sem teknar voru tveim dögum fyrir brottförina af sjúkrahúsinu, mátti sjá, að brotið var á góðum vegi með að festast, en að vísu með dálitilli skekkju.

Þann tíma, sem sjúklingurinn lá í strekknum, var hann oft illa haldinn af verkjum og þá fyrst og fremst í hnéliðnum, sem bólgnaði allmikið, og auk þess hafði hann nokkurn bjúg á fótleggnum fyrst í stað, en sá bjúgur hvarf eftir nokkrar vikur.

Sjúklingur hefur nokkrum sinnum komið til eftirlits, frá því að hann fór af deildinni, síðasta skiptið í október 1967. Var þá enn mikill stirðleiki í hægri hnélið, gat þá beygt um það bil 50° og gat rétt hnéliðinn að fullu. Hafði þá töluverða rýrnun á vöðvum hægra læris og dálitla rýrnun á vöðvum hægri kálfa. Hreyfing í öklaliðnum var því sem næst eðlileg.

Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur skoðað stefnanda og metið örorku hans af völdum slyssins. Örorkumat læknisins er dags. 10. nóvember 1967. Í því segir m. a. svo:

„Slasaði lá á Landspítala þar til 11/11 1966, en var þá aftur fluttur á Sjúkrahús Siglufjarðar, þar sem hann dvaldist til 20/11 1966.

Á Siglufirði var slasaði til eftirlits hjá Sigurði Sigurðssyni héraðsl. þar, og í vottorði frá honum er staðfest, að slasaði hafi verið í stöðugri æfingameðferð, eftir að hann kom af Landspítala, og um miðjan janúar 1967 var svo komið, að hann gat komizt með staf og hækju í nuddmeðferð á nuddstofu.

Slasaði kom fyrst til viðtals hjá undirrituðum 22/8 1967. Hann skýrir frá því, að við slysið þá hafi hann fengið nokkurn áverka, bæði á höfuð og brjóst, en aðaláverkinn hafi verið á hægri lærlegg rétt ofan við hnéð.

Undirritaður ráðlagði honum æfingameðferð hjá Jóni Þorsteins-

syni, og var hann í slíkri æfingameðferð þar til um miðjan október. Slasaði kom síðast til viðtals hjá undirrituðum 16/10 1967. Hann gengur haltur á hægri ganglim. Allmikill stirðleiki er í hægri hné (hreyfingarsvið, hægri 180—130, vinstri 180/60).

Nokkur rýrnun er á vöðvum á hægri læri, og mælist 2 cm miðað við vinstra. Það er góð hreyfing í öklaliðnum, en greinilega nokkru stirðara en vinstra megin, enda þótt ekki sé mælanlegur munur.

Röntgenskoðun var gerð 27/4 1967 og síðast 5/10 1967, og eru umsagnir röntgenlækna þannig:

„27/4 '67. H. femur / h. hné, contro.

Það er ekki úrkölkun í h. femur, en brot hafði orðið á honum í neðri endanum, T-formabrot, þ. e. a. s. þvert fyrir ofan condylana og langsprunga niður á milli þeirra. Situs á brotstaðnum verður að teljast nokkuð góður, það er kannske dál. valgus-stelling á hnénu, en óveruleg þó, og profilmýndin sýnir ágætan situs, og facturan sýnist gróin og þannig í nokkuð góðri stefnu ant. post, en profilmýndin sýnir, að rotation hefur verið á neðra fragmeni í yfirextension, þ. e. a. s. að condylarnir eru ekki roteraðir nógu mikið aftur á við“.

„5/10 1967, h. femur / h. hné — control.

Supracondylær fractura í hægri femur, nú gróin með óreglulegum beinstructur, töluvert, enda var fracturan comminut. Brotið hafði legið þannig: að það var extension-deformitet á condylunum, liðflöturinn veit of mikið fram og upp, og er það enn, svo að búast má kannske við einhverjum flectionsdefect“.

Ályktun: Hér er um að ræða 42ja ára gamlan verkstjóra, sem slasast við vinnu sína fyrir rúmlega einu ári. Við slysið hlaut hann brot á hægri læri auk minniháttar áverka á höfuð og brjóst.

Vegna slyssins þá hefur maðurinn nú allmikinn stirðleika í hægri hné, og er þess ekki að vænta, að bót verði á því ráðin, vegna þess að brotið hefur gróið með nokkurri skekkju, svo að liðurinn leyfir ekki meiri hreyfingu en orðið er. Af þessum sökum verður að telja, að maðurinn hafi hlotið tímabundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig:

Í 12 mánuði . . . . .	100%	Örorka
Í 3 — . . . . .	75%	—
Í 3 — . . . . .	50%	—
Í 3 — . . . . .	35%	—
Og síðan varanleg örorka 25%“.		

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Guðjón Hansen trygg-  
ingafraeðingur reiknað út örorkutjón stefnanda. Útreikningur  
tryggingafraeðingsins er dagsettur 3. febrúar 1968. Hann hefst  
á tilvitnun í örorkumat Páls Sigurðssonar tryggingayfirlæknis.  
Síðan segir svo í útreikningnum:

„Samkvæmt staðfestum endurrítum skattframtala Skarphéðins  
fyrir starfsárin 1963—1966 voru launatekjur hans og hreinar  
tekjur samkvæmt sjávarútvegsskýrslu á því tímabili sem hér  
segir:

Ár	Laun	Tekjur samkv. sjávarútvegssk.	Samtals
1963 . . .	kr. 42.715.77	kr. 30.023.98	kr. 72.739.75
1964 . . .	— 86.866.00	— 18.380.00	— 105.246.00
1965 . . .	— 160.835.00	— 0	— 160.835.00
1966 . . .	— 149.698.00	— 0	— 149.698.00

Síðastnefnda árið hefur Skarphéðinn talið fram dagpeninga að  
fjárhæð kr. 15.001.00, og munu þeir eiga rót sína að rekja til  
slyssins.

Skarphéðinn er sagður fæddur 11. nóvember 1924 og hefur  
samkvæmt því verið 41 árs að aldri, er hann varð fyrir slysi því,  
sem hér um ræðir. Hann var þá í starfi hjá Síldarverksmiðjum  
ríkisins á Siglufirði, og frá þeim vinnuveitanda hefur hann fengið  
nær allar framangreindar launatekjur. Slysathryggðar vinnuvikur  
á fiskiskipi eru tilgreindar 17 vikur árið 1963, 27 vikur árið 1964  
og 7 vikur árið 1965. Hann mun því sjálfur hafa stundað sjó í  
sambandi við útgerð þá, er hann samkvæmt upplýsingum í bréfi  
yðar frá 26. f. m. kveðst hafa stundað, en tekjur af þeirri starf-  
semi kveður hann hafa brugðizt vegna aflaleysis og því hafi vinnu-  
tekjur hans orðið óvenjulega rýrar árin 1963 og 1964.

Oft reynist erfitt að meta vinnutekjur þeirra, sem sjálfstæðan  
atvinnurekstur stunda, þar eð blandast geta saman vinnutekjur,  
tekjur af fjármagni og hagnaður af rekstrinum. Hitt er einnig  
algengt, að hreinar tekjur samkvæmt skattframtölum svari alls  
ekki til eðlilegra vinnutekna, og geta framtöl þá reynzt ónot-  
hæfur grundvöllur við áætlun tekna í framtíðinni.

Með hliðsjón af framanrituðu hef ég reiknað tekjur samkvæmt  
sjávarútvegsskýrslu sem vinnutekjur og áætlað vinnutekjur fram  
í tímann á þrennan hátt. Er tekjugrundvöllur eftirfarandi:

a. Umreiknaðar meðaltekjur 1963—1965, þ. e. þriggja ára fyrir

slysið. Með þessu móti verða hinar reiknuðu tekjur nokkuð lágar, sbr. framangreindar skýringar.

b. Umreiknaðar meðaltekjur 1964—1966. Hér er sjálft slysárið tekið með, en samt verða reiknaðar tekjur nokkuð hærri en samkvæmt a-lið.

c. Umreiknaðar tekjur ársins 1965. Eitt ár veitir að jafnaði ekki nægilega trausta vitneskju til áætlunar fram í tímann, en hins vegar er þetta eina árið á framangreindu fjögurra ára tímabili, sem eingöngu er um launatekjur að ræða, og slysið hefur ekki rýrt þær.

Við umreikning tekna til kauplags, eins og það hefur verið frá slysdegi til þessa, hef ég miðað við breytingar á fiskverði á vetrarvertíð, að því er snertir tekjur samkvæmt sjávarútvegsskýrslu, en við breytingar á almennum taxta Dagsbrúnar í Reykjavík, að því er snertir launatekjur (taxtar verkstjóra eru yfirleitt í föstu hlutfalli við taxta almennra starfsmanna). Umreiknaðar á þennan hátt reiknast mér hinar þrenns konar vinnutekjur verða sem hér segir:

	a. Umreiknaðar tekjur 1963—1965	b. Umreiknaðar tekjur 1964—1966	c. Umreikn. tekjur ársins 1965
Frá slysdegi			
til 31/12 1966	kr. 149.726.00	kr. 164.948.00	kr. 196.250.00
Frá 1/1			
til 30/11 1967	— 151.402.00	— 165.562.00	— 196.250.00
Frá 1/12			
til 31/12 1967	— 155.771.00	— 170.898.00	— 202.908.00
Frá 1/1 1968 ..	— 158.034.00	— 171.726.00	— 202.908.00

Miðað við þann þrenns konar tekjugrundvöll, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

	Miðað við grundvöll a. kr.	Miðað við grundvöll b. kr.	Miðað við grundvöll c. kr.
Vegna tímabundins orkutaps .. .. .	200.990.00	220.019.00	260.943.00
Vegna varanlegs orkutaps .. .. .	392.505.00	426.512.00	503.958.00
Samtals	593.495.00	646.531.00	764.901.00

Til samanburðar má geta þess, að meðaltekjur verkamanna, reiknaðar á grundvelli úrtaksrannsóknar Efnahagsstofnunarinnar á vinnutekjur kvænta verkamanna í Reykjavík samkvæmt skattframtölum fyrir starfsárin 1957—1966, reiknast mér nema kr. 179.992.00, þegar miðað er við núverandi kauplag, þ. e. nokkru hærra en grundvöllur b. hér að ofan.

Við útreikninginn hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna vegna slyssins frá Tryggingastofnun ríkisins.

Reiknað er með 7% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1951—1960“.

Stefnandi miðar dómkröfu sína samkvæmt þessum lið við C-liðinn í útreikningi tryggingafræðingsins. Sýnist honum það eðlilegasti viðmiðunarliðurinn, þar sem C-liður útreikningsins séu umreiknaðar tekjur ársins 1965, en það kveður stefnandi hafa verið fyrsta árið, sem hann hafi haft hreinar launatekjur og unnið alveg hjá stefnda. Jafnframt bendir stefnandi á, að á árunum 1963 og 1964 hafi hann stundað útgerð og tekjur hans þá orðið mjög rýrar sakir aflabrests. Sýnist stefnanda óeðlilegt, að þessar lágu tekjur hans þau árin verði til þess að lækka örorkutjón hans.

Stefndi hefur í fyrsta lagi mótmælt örorkumatinu sem röngu og allt of háu. Í annan stað vekur stefndi athygli á því, að C-liðurinn í útreikningi tryggingafræðingsins sé byggður á eins árs tekjum. Það sé óvanalegt og ekki réttur útreikningur á örorkutjóni. Hitt sé venja að miða við atvinnutekjur síðustu þriggja ára fyrir slysið. En sé sá útreikningur viðhafður í þessu máli, verði útkoman kr. 593.495.00, sbr. A-lið í útreikningi tryggingafræðingsins. Að sjálfsögðu beri að miða við þá fjárhæð, en ekki tekjur eins árs, eins og stefndi geri í sinni kröfugerð. Að endingu bendir stefndi á, að við ákvörðun bóta beri að taka tillit til hagræðis af eingreiðslu og til skattfrelsis svo og veikindakaups frá stefnda og greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins.

Örorkumati Páls Sigurðssonar tryggingayfirlæknis hefur ekki verið hnekk, og er því eigi unnt að taka til greina mótmæli stefnda gegn því. Hins vegar þykir mega fallast á það með stefnda, að við ákvörðun bóta samkvæmt þessum lið beri að leggja til grundvallar A-liðinn í útreikningi tryggingafræðingsins, sem byggður er á tekjum stefnanda síðustu þrjú árin fyrir slysið. Með tilliti til framangreindra röksemda stefnda til lækkunar á þeirri fjárhæð þykir atvinnutjón stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðið kr. 500.000.00.

Um 2. lið.

Stefnandi rökstyður þennan kröfulið með því að vitna til meiðsla sinna og sjúkrasögu, sem rakin hefur verið hér að framan. Enn fremur hefur stefnandi lagt fram vottorð heimilislæknis síns, Sigurðar Sigurðssonar, héraðslæknis á Siglufirði. Vottorð þetta er dagsett 10. september 1968:

„Skarphédinn slasaðist við vinnu hjá Síldarverksmiðjum ríkisins, Siglufirði, 3. sept. 1966. Samdægurs var hann fluttur á Landspítalann, Reykjavík, þar sem hann lá til 11. nóv., lengst af illa haldinn.

Til Siglufjarðar kom hann 14. nóv. og lá á Sjúkrahúsi Siglufjarðar til 20. nóv. Slasaði var að mestu rúmliggjandi til 18. jan. 1967, en fór þá að bera sig um á tveim hækjum í fyrstu, en síðan á hækju og staf. Síðan í maí 1967 hefur hann notað staf.

Æfinga- og nuddmeðferð var hafin á Landspítala og haldið stöðugt áfram, er hingað kom. Fram yfir 20. marz fékk hann meðferð í heimahúsum, enda ekki ferðafær, en síðan gekk hann til nuddkonu fram til 17. ágúst, og var þá bætt hljóðbylgjum við meðferðina. Um 20. ágúst fór hann til Reykjavíkur og var þar í æfingameðferð hjá Jóni Þorsteinssyni 6. sept. til 24. okt. Eftir heimkomuna hélt hann áfram í meðferð fram að júlum 1967.

26. marz 1968 byrjaði Skarphédinn að vinna á rafmagnsverkstæði S.R., Siglufirði. Fyrstu 6 vikurnar vann hann 3½ klst. á dag (5 daga vikunnar), síðan 6 klst. daglega til 29. júlí og síðan 8 stundir á dag.

Þrátt fyrir það, að vinna þessi sé létt og vinnuaðstaða góð, t. d. nægur hiti, veitist honum erfitt að stunda þessa vinnu. Hann hefur daglega meiri eða minni óþægindi og verki í hægri fæti. Þreytist mjög fljótt og á erfitt með gang og stöður. Bjúgur sigur á fótinn, er á daginn líður, og mikill kuldi sækir á hann, jafnvel svo, að hann sefur í ullarsokk.

Síðan Skarphédinn slasaðist, hefur töluvert borið á almennri vanlíðan og taugaslappeika, sem hann hafði aldrei orðið var við áður. Vegna þessa hefur hann þurft að taka lyf um alllangt skeið, í smáum stíl þó. Þá hefur hann einnig þurft lyf vegna bjúgs á fæti. Lengi vel kvartaði slasaði um þyngsli fyrir brjósti, en lítið hefur borið á því í sumar.

Slasaða finnst, að um enga framför sé að ræða hjá sér síðustu 12 mánuði, og verður það að teljast nærri lagi.

Hér er um 43 ára verkamann að ræða, kvæntan 4 barna faðir, sem slasaðist illa fyrir tveim árum og hlaut af varanlega bæklun.

Telja verður útilokað, að hann geti stundað erfiðisvinnu hér eftir, og hann er ekki samkeppnisfær á almennum vinnumarkaði. Þetta er mjög mikið áfall fyrir slasaða og röskun á högum, sérstaklega þar sem hann var mjög ötull og kappsamur verkmaður, sem hafði lífsfrámfæri sitt af erfiðisvinnu“.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem of háum.

Bætur samkvæmt þessum lið þykja hæfilega ákveðnar kr. 80.000.00.

Um 3. lið.

Stefnandi kveðst þrisvar sinnum hafa þurft að fara til Reykjavíkur til læknaaðgerða á árinu 1967. Í þessi þrjú skipti kveðst hann hafa dvalizt hjá Jóhanni Skarphéðinssyni, Reykjavíkurvegi 10, Hafnarfirði. Hafi hann haft þar fæði og húsnæði á þeim tíma, sem hann dvaldist í Reykjavík. Hafi hér samtals verið um 75 daga að ræða, en Jóhann Skarphéðinsson hefur gert stefnanda reikning fyrir dvöl þessari, og er í þeim reikningi krafizt kr. 150.00 fyrir hvern dag, en samtals gerir það 11.250.00 krónur. Hins vegar krefst stefnandi ekki hærri fjárhæðar undir þessum kröfulið heldur en kr. 11.150.00.

Stefndi hefur mótmælt þessari fjárhæð sem of hárrí.

Rétturinn lítur svo á, að stefndi beri fébótaábyrgð á kostnaði samkvæmt þessum lið sem einum þætti í tjóni stefnanda. Og þar sem krafa stefnanda þykir vera við hóf, verður hún tekin til greina óbreytt.

Um 4. lið.

Undir þessum kröfulið krefur stefnandi greiðslu vegna ferðakostnaðar til Reykjavíkur þrisvar sinnum. Eina ferðina til Reykjavíkur hefur stefnandi farið fljúgandi. En hinar tvær fór hann í eigin bifreið. Kostnaður við flugferðina er samkvæmt framlögðum reikningum kr. 1.900.00. Þykir eðlilegt, að hann fái greidda sömu fjárhæð fyrir þær tvær ferðir, sem hann fór suður til Reykjavíkur á eigin bifreið. Þá hefur stefnandi lagt fram reikning frá Bílaleigunni h/f að fjárhæð kr. 405.00, en stefnandi kveðst eitt sinn hafa þurft að taka þar bifreið á leigu. Við mat á þessum lið bendir stefnandi á það, að vegna heilsufars hans hafi hann átt mjög örðugt með gang og orðið að hafa bifreið til þess að komast á milli lækna daglega, meðan hann hafi dvalið hér fyrir sunnan.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem of háum.

Við mat á þessum kröfulið lítur rétturinn svo á, að eðlilegt sé að meta ferðakostnað stefnanda með eigin bifreið til jafns við

kostnað þann, er hann hafði af flugferðinni, það er kr. 1.900.00. Kostnaður við þrjár ferðir stefnanada ákveðst því kr. 5.700.00. Þá er einnig rétt að taka til greina reikninginn frá Bílaleigunni h/f að fjárhæð kr. 405.00. Að öðru leyti eru eigi efni til að taka þennan kröfuflið frekar til greina gegn andmælum stefnda, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að stefnandi hafi orðið fyrir frekari útgjöldum vegna ferða sinna en að framan greinir.

Um liði 5—7.

Þessir kröfufliðir hafa eigi sætt tölulegum andmælum af hálfu stefnda. Verða þeir því teknir til greina óbreyttir.

Samkvæmt framansögðu ákveðst tjón stefnanda af völdum slyssins samtals kr. 603.855.00 (þ. e. kr. 500.000.00 + 80.000.00 + 11.150.00 + 405.00 + 5.700.00 + 2.000.00 + 3.200.00 + 1.400.00).

Stefnandi á sjálfur að bera  $\frac{1}{3}$  hluta tjóns síns, þ. e. kr. 201.285.00. Eftir standa þá kr. 402.570.00. Frá þeirri fjárhæð ber að draga greiðslur til stefnanda frá Tryggingastofnun ríkisins, samtals að fjárhæð kr. 184.229.40, og kaup, sem stefndi hefur greitt stefnanda eftir slysið, að fjárhæð kr. 11.545.52 auk orlofs að fjárhæð kr. 808.18. Samkvæmt þessu er stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 205.986.90 ásamt 7% ársvöxtum frá 3. september 1966 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Samkvæmt reikningi, sem lögmaður stefnanda hefur lagt fram í málinu, er útlagður kostnaður stefnanda kr. 3.522.00.

Málskostnaður til handa stefnanda ákveðst kr. 33.522.00 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Birgi Ísleifi Gunnarssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 30.000.00 í talsmannslaun.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, Síldarverksmiðjur ríkisins, greiði stefnanda, Skarp-héðni Björnssyni, kr. 205.986.90 auk 7% ársvaxta frá 3. september 1966 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Málskostnaður stefnanda, kr. 33.522.00, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Birgi Ísleifi Gunnarssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 30.000.00 í talsmannslaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.